

## Húsnæðismál

## Flóttamenn

## Málefni útlendinga

## Jafnréttismál

## Barnahús

## Sveitarstjórnarmál

## Fikniefnavarnir

lagasetningarinnar, helstu breytingum frá gildandi lögum og því starfi sem fram undan er.

Megin markmiðum laganna er lýst svo í greinargerð:

- Að einfalda og samræma meðferð og lánveitingar til húsnæðismála til lengri tíma litið.
- Að stofna sjálfstæðan sjóð, Íbúðalánasjóð, sem ætlast er til að verði fjárhagslega sjálfstæður til framtíðar og standi undir lánveitingum og rekstri sínum með eigin tekjum.
- Að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.
- Að loka félagslega eignaríbúðakerfinu í núverandi mynd.
- Að félagsleg jöfnun við öflun eigin húsnæðis fari fram í formi sértækra viðbótarlána og að fjárhagsleg aðstoð til einstaklinga fari í gegnum vaxtabótakerfi.
- Að breyta þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðis-nefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar.



Ljós: Bára

## Húsnæðismál

Hinn 1. janúar nk. koma til framkvæmda lög nr. 44/1998 um húsnæðismál. Lögin fela í sér verulegar breytingar á núverandi skipulagi húsnæðismála. Gert er ráð fyrir því að í stað Húsnæðisstofnunar ríkisins komi sjálfstæð stofnun Íbúðalánasjóður, sem mun annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála samkvæmt lögunum og vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld í húsnæðismálum. Hér á eftir verður lýst nánar helstu markmiðum

- Að stofna varasjóð, sem verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga, og hafi það hlutverk að bæta Íbúðalánasjóði það tjón sem hann kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána.

- Að stofna sjálfstæða kærunefnd húsnæðismála. Stærsta breytingin, frá gildandi lögum lýtur að félagslega íbúðakerfinu. Byggingu og kaupum á félagslegum eignaríbúðum verður hætt og í stað þess tekið upp nýtt félagslegt íbúðalánakerfi. Í meginatriðum verða núgildandi ákvæði til byggingar leiguíbúða óbreytt, en ákvæði um kaupleiguíbúðir eru felld brott. Þá verður sett í sjálfstætt frumvarp ákvæði um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, sem lagt verður fram á Alþingi í haust.

## Félagsmálaráðuneytið



Helstu breytingar má að öðru leyti greina í þrjá eftirfarandi þætti: breytingar á félagslegri aðstoð til einstaklinga, breytingar á þátttöku sveitarfélaga í slíkrri aðstoð og breytingar sem snerta uppbyggingu og skipulag húsnæðismála.

Breytingar á félagslegri aðstoð til einstaklinga eru eftirfarandi:

- Núverandi félagslegu húsnæðiskerfi hefur verið lokað og við tekur nýtt og breytt kerfi. Eldra kerfi um félagslegar íbúðir verður þó viðhaldið meðan innlausn íbúða skv. eldra kerfi á sér stað. Innlausnarreglur eldra kerfis geta því varað í nokkurn tíma enn. Um frekari úthlutanir félagslegra íbúða verður hins vegar ekki að ræða á grundvelli eldri reglna.
- Félagsleg aðstoð verður annars vegar í formi húsbrelaláns, 65-70% láns, og hins vegar í formi 20-25% viðbótarláns.
- Félagsleg jöfnun verður framkvæmd með vaxtabótakerfi og vaxtabætur verða greiddar út á kaupári.

- Einstaklingar geta valið úr öllum íbúðum á markaði en ekki fyrirfram ákveðnum fjölda íbúða eins og áður var.

Breytingar á þátttöku sveitarfélaga í félagslegri aðstoð eru fjórþættar.

- Í fyrsta lagi verður kaupskylda sveitarfélaga á núverandi félagslegum eignaríbúðum afnumin við endursölu og þeim heimilað að selja félagslegar eignaríbúðir á almennum markaði án annarra skilyrða en að áhvílandi félagsleg lán verði gerð upp.
- Í öðru lagi verður sveitarfélögum heimilt að breyta félagslegum eignaríbúðum, sem koma til innlausnar, í leiguíbúðir til frambúðar.
- Í þriðja lagi verður svonefndum framkvæmdalánum hætt.
- Í fjórða lagi verður sveitarfélögum heimilt að stofna félög um rekstur leiguíbúða sinna, þ.m.t. hlutfélög, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, enda ábyrgist sveitarfélag við þær aðstæður allar greiðsluskilyldur gagnvart

Íbúðalánasjóði vegna lána sem veitt hafa verið úr sjóðnum.

Þá munu sveitarfélögin einnig greiða framlag í varasjóð sem bætir tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána og kostnað vegna þeirra.

Til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs hefur félagsmálaráðherra skipað fimm manna undirbúningsnefnd og er formaður hennar Gunnar S. Björnsson. Eitt fyrsta verk nefndarinnar var að auglýsa starf framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs frá 1. janúar að telja. Þá hefur félagsmálaráðuneytið sent sveitarstjórnum almennar upplýsingar um atriði er snerta gildistöku laga nr. 44/1998 og um skil þeirra gagnvart núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Af hálfu ráðuneytisins og undirbúningsnefndarinnar er unnið að frekari kynningu laganna.

## Móttaka flóttamanna

Undanfarin þrjú ár hafa Íslendingar árlega tekið á skipulegan hátt á móti þremur hópum stríðshrjáðra flóttamanna sem hraktir hafa verið af heimilum sínum í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og ekki átt möguleika á að snúa aftur til fyrri heimkynna.

Það var Páll Pétursson félagsmálaráðherra sem hafði forgöngu um að Íslendingar legðu sitt af mörkum með því að taka árlega á móti hópi flóttamanna frá stríðshrjáðum svæðum í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Lagði ráðherrann áherslu á að tekið yrði á móti hæfilega stórum flóttamannahópum sem gætu fallið vel inn í bæjarsamfélög utan höfuðborgarsvæðisins. Þar yrði þeim veitt dygg aðstoð í eitt ár og áhersla lögð á öfluga íslenskukennslu sem og að flóttamennirnir samlöguðust samfélaginu sem best svo þeir gætu staðið á eigin fótum að þeim tíma liðnum.

Móttaka flóttamannanna hefur verið samstarfsverkefni félagsmála-

ráðuneytisins, Rauða kross Íslands og þeirra sveitarfélaga sem tekið hafa á móti flóttamönnum og skapað þeim skilyrði til að hefja nýtt líf á Íslandi.

Fyrsti flóttamannahópurinn kom til Ísafjarðar frá Serbíu árið 1996. Um var að ræða þrjátíu manna hóp flóttamanna sem króatíski herinn hrakti frá Krajnahéraði árið 1995, en sumir þeirra höfðu leitað þar hælís vegna borgarastyrjaldarinnar í Bosnía-Herzegóvínu á árunum 1991 og 1992.

Hópurinn samanstóð af sjö fjölskyldum sem áttu það flestar sameiginlegt að vera blandaðar fjölskyldur, það er hjón af serbnesku og króatísku bergi brotin.

Næsti flóttamannahópur kom til landsins sumarið 1997 og settist að á Hornafirði. Þar var einnig um að ræða flóttafólk sem hrakið hafði verið frá Krajina héraði og voru í hópnum m.a. ættingjar flóttamanna sem búa á Ísafirði. Um var að ræða fimm fjölskyldur, alls sautján einstaklinga.

Þriðji hópur flóttamanna frá Júgóslavíu kom hingað til lands síðari

hluta júnímánaðar á þessu ári, fimm fjölskyldur, alls tuttugu og þrjár einstaklingar. Flóttamennirnir eignuðust nýtt heimili á Blönduósi þar sem þeir sitja nú á skólabeck hálfan daginn. Þar læra þeir íslensku og kynna sér íslenskt samfélag áður en þeir eldri halda út á vinnumarkaðinn til að sjá sér og sínum farborða og hinir yngri setjast á skólabeck við hlið íslenskra jafnaldra sinna.

Flóttafólkinu hefur alls staðar verið mjög vel tekið. Rauðakrossdeildirnar á stöðunum hafa staðið fyrir árangursríkum söfnunum á húsbúnaði og fatnaði meðal bæjarbúa. Sjálfboðaliðar hafa síðan búið íbúðir flóttamannanna húsgögnum, húsbúnaði og öðru því sem til þarf til heimilisreksturs.

Stuðningsfjölskyldur úr hópi heimamanna hafa síðan aðstoðað flóttafólkið við að aðlagast hinu nýja samfélagi og veitt því margs konar stuðning. Milli þessara íslensku og júgóslavnesku fjölskyldna hafa skapast sterk vinabönd.

Er nú svo komið að á Ísafirði og Hornafirði er litið á hina nýju íbúa sem fullkomna heimamenn sem fært hafa samfélaginu nýjan tón og aukið fjölbreytni staðanna. Miðað við móttökurnar á Blönduósi mun ekki langur tími líða þar sem það sama á við þar nyrðra.

Í ljósi reynslunnar á Ísafirði og Hornafirði virðist allt benda til að náðst hafi það markmið félagsmálaráðherra og Flóttamannaráðs Íslands, að flóttamennirnir geti staðið á eigin fótum sem fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi eftir eins árs aðlögunartímabil, þar sem þeim er veittur dyggur stuðningur og öflug íslenskukennsla fyrstu mánuðina.

Á báðum þessum stöðum hófu flóttamennirnir virka þátttöku í atvinnulífinu einungis fáeinum vikum eftir komuna til Íslands, þrátt fyrir að þeir sætu á skólabekk hálfan daginn.

Hafa atvinnurekendur verið mjög ánægðir með starfskrafta þeirra. Þá hafa fjölskyldurnar sem komu til Ísafjarðar árið 1996 flestar fest sér kaup á húsnæði á Ísafirði eða í Bolungarvík. Á Hornafirði hafa fyrstu fjölskyldurnar þegar fest kaup á húsnæði þótt enn sé ekki liðið ár frá komu þeirra.



Ljós. Bára

Páll Pétursson félagsmálaráðherra hefur lýst því yfir að á meðan hann verði félagsmálaráðherra geri hann tillögu um það í ríkisstjórn að Íslendingar taki við einum hópi flóttamanna árlega á sama hátt og undanfarið. Þar sem enn er eitt ár eftir af kjörtímabili Páls sem félagsmálaráðherra er ljóst að enn mun

að minnsta kosti einn hópur flóttamanna koma til Íslands í boði íslenska ríkisins.

Er gert ráð fyrir að undirbúningur að móttöku þess hóps hefjist strax á haustdögum.

## Málefni útlendinga

Þann 1. desember 1997 skipaði félagsmálaráðherra vinnuhóp sem falið var að fylgja eftir tillögum sem fram komu í tveimur skýrslum útgefnum á því ári. Önnur skýrslan var álit nefndar á vegum menntamálaráðuneytis undir heitinu Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Hin skýrslan var Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra, gefin út af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Að mati vinnuhópsins skera tvö atriði sig úr í niðurstöðum beggja skýrslanna. Hið fyrra er að meginforsenda þess að útlendingar sem setjast að á Íslandi geti fest hér rætur og orðið virkir þegnar samfélagsins sé að fólkið viðhaldi menningarlegum uppruna sínum og móðurmáli. Seinna atriðið er að við athugun á hinum fjölmörgu sviðum

málefna útlendinga hér á landi kemur í ljós að mennta- og fræðslumálin eru mikilvægasti þátturinn til að aðstoða fólk við að ná fótfestu. Vinnuhópurinn mun von bráðar skila tillögum til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið mun á næstu vikum gefa út bækling sem ber heitið Upplýsingar fyrir útlendinga sem flytjast til Íslands, undirheiti bæklingisins er Íslenskt þjóðfélag, Réttindi og skyldur. Í bæklingnum er að finna allar helstu upplýsingar um land og þjóð, búsetu og atvinnu, ýmsa þjónustu s.s. heilsugæslu og félagsþjónustu, skólamál og fleira. Bæklingurinn verður gefinn út á ensku, pólsku, rússnesku, serbnesku, tælensku og víetnömsku.

Þá er á vegum ráðuneytisins er unnið að gerð handbókar fyrir útlendinga sem hyggjast setjast að á Íslandi. Í henni er að finna ítarlegar upplýsingar um íslenskt samfélag, stofnanir og þjónustu. Handbókin verður fyrst um sinn gefin út á íslensku í tilraunarskyni.



# Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum

Á vorþingi var á Alþingi samþykkt tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er afrakstur virks samstarfs allra ráðherra og ráðuneyta, skrifstofu jafnréttismála og síðast en ekki síst fólksins sem þátt tók í fundunum sem félagsmálaráðherra stóð fyrir um land allt á vormisseri 1997. Erlent samstarf á sviði jafnréttismála, sem er í miklum blóma um þessar mundir, hefur einnig sett sitt mark á framkvæmdaáætlunina.

Eins og segir í inngangskafli framkvæmdaáætlunarinnar þá er leiðarljós hennar að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Hér er um mikilvægt atriði að ræða sem gefur allri framkvæmdaáætluninni aukið vægi. Því þó mikilvægt sé að skilgreina sérstök verkefni sem stuðlað geti að auknu jafnrétti kvenna og karla þá er rétt að minna á að jafnrétti verður aldrei tryggt fyrir en það er samþætt öllum verkefnum.

Í fyrsta kafla framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar eru sérstaklega tilgreind tvö meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Annars vegar samvinna karla og kvenna og hins vegar samþætting jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun og ákvarðanatöku. Hvort tveggja eru mikilvæg fyrir framgang jafnréttismála og í raun nauðsynleg forsenda þess að árangur náist.

Í öðrum kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru tíunduð verkefni ríkisstjórnarinnar. Þau varða starfsemi flestra ef ekki allra ráðuneyta og leggja í raun meginlínur í stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna sérstaklega að fjórum verkefnum.

• Kyngreiningu allra tölulegra gagna, því gagnasöfnun og úttekt á stöðu mála er grundvallaratriði í allri réttindabaráttu. Ef upplýsingar eru greindar eftir kyni má af þeim ráða

ýmislegt er varðar bæði stöðu og stefnu í jafnréttismálum. Í framkvæmdaáætluninni er lagt til að öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum verði gert að greina upplýsingar í tölfræðilegum samantektum og skýrslum eftir kyni.

• Kannað verði hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Eins og áður sagði, leggur ríkisstjórnin áherslu á að við alla stefnumótun og ákvarðanatöku sé jafnrétti kynjanna haft í huga. Í þessum anda og til að hægt sé að meta hvar úrbóta er þörf, er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem falið verði að kanna hvort og þá með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

• Jafnrétti hjá ríkisstofnunum. Á undanförunum misserum hefur ítrekað verið sýnt fram á kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Afar brýnt er að uppræta þennan mun og hefur ríkisstjórnin lagt á það áherslu og leggur til að í samningum á milli ráðuneyta og stofnana og í erindisbréfum forstöðumanna ríkisstofnana verði, í þeim tilgangi, sérstaklega vakin áhersla á jafnréttissjónarmiðum.

• Rannsókn verði gerð á stöðu kvenna hvað varðar efnahagsleg völd. Oft hefur verið haft á orði að ríkjandi staða karla, þegar efnahagsleg völd eru annars vegar, komi í veg fyrir að konur geti notið frelsis og jafnréttis í samfélaginu. Ekki liggja fyrir nægjanlegar rannsóknir á því hvernig efnahagslegir valdapræðir eru í samfélaginu og hvort þeir liggja fremur í höndum karla. Hér er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem geri tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

Í þriðja kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru tíunduð verkefni sérhvers ráðuneytis. Verkefni eru margvísleg og taka í raun til allra þátta samfélagsins. Of langt mál yrði að fara yfir verkefnalistann í grein sem þessari en á það skal bent að framkvæmdaáætlunin fæst sérprentuð í ráðuneytinu fólki að kostnaðarlausu.

## Breytingar á lögum um atvinnuleysis-tryggingar

Með lögum nr. 47/1998, er töku gildi 1. júlí sl., voru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, til ívilunar fyrir atvinnulausa.

Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Jafnaður hefur verið réttur fiskvinnslufólks sem ekki á rétt á að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS og þeirra sem eiga þann rétt;

2. Kveðið er á um rétt manna til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Felur það í sér umtalsvert svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar, en áður leiddi það til skerðingar bótaréttar ef hinn atvinnulausi skræði sig ekki strax hjá vinnumiðlun við starfslok;

3. Sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs á nú rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði en áður geymdist réttur til atvinnuleysisbóta aðeins á meðan á töku fæðingarorlofs stóð, eða í sex mánuði að meginreglu til;

4. Mælt er fyrir um að fangar geymi áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir en áður var hámarkstími slíks réttar

5. Mælt er fyrir um rétt þeirra sem gegna hlutastarfi til hlutabóta en áður mæltu lög ekki fyrir um tilvist þessa réttar;

6. Skýrt er nú kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrisjóðum koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.

# Frá Barnaverndarstofu - Barnahús

Hinn 10. mars 1997 fól félagsmálaráðuneytið Barnaverndarstofu að leggja fram tillögur um hvernig best væri komið til móts við þarfir og rétt barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Barnaverndarstofa hóf þegar öflun upplýsingar og efndi jafnframt til samráðsfunda með ýmsum þeim sem afskipti hafa af málefnum barna og ungmenna. Könnun Barnaverndarstofu leiddi í ljós að mál ríflega 100 barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi eða áreitni koma til kasta barnaverndarnefnda á ári. Niðurstaða Barnaverndarstofu var sú að bæta þyrfti málsmeðferð við rannsókn kynferðisafbrota gegn börnum og að efla þyrfti stuðning við börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi.

Barnaverndarstofa lagði til að sett yði á laggirnar 8. Húsinu yrði ætlað að vera samstarfs- vettvangur þeirra sem koma að þessum málum, s.s. viðkomandi barnaverndarnefndar og lögregluembættis, ríkislögreglu, Barnaspítala Hringins og

ríkissaksóknara eftir atvikum.

Undirbúningur að opnun Barnahússins er nú langt kominn. Hlutverk hússins verður margþætt. Því er ætlað að samhæfa hlutverk barnaverndarnefnda og félagsmálayfirvalda annars vegar og lögreglu, lækna og saksóknara hins vegar við könnun, rannsókn og úrlausn mála. Komið verður á þverfaglegu samstarfi ofangreindra stofnana til að bæta rannsóknaraðferðir á öllum sviðum í vinnslu og meðferð kynferðisafbrotamála er varða börn. Lögð verður áhersla á að koma í veg fyrir að barnið þurfi að endurupplifa erfiða lífsreynslu með ítrekuðum

viðtölum við mismunandi viðmælendur á mörgum stofnunum. Lagt verður mat á þörf barnsins fyrir meðferð og því tryggð sú meðferð sem það hefur þörf fyrir í því skini að draga eins og unnt er úr afleiðingum ofbeldisins. Unnið verður að öflun þverfaglegrar þekkingar í málaflokknum og henni miðlað til þeirra sem kunna að þurfa á henni að halda með ráðgjöf og fræðslu.

Tveir sérfræðingar munu starfa við Barnahúsið. Starfsemi hússins er tilraunaverkefni til tveggja ára og gert verður árangursmat að þeim tíma liðnum. Stefnt er að opnun hússins 1. september nk.



## Ný meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Á Hvítárbakka í Borgarfirði er verið að undirbúa stofnun langtíma fjölskylduheimilis fyrir börn og unglínga. Gerður var samningur við hreppsnefnd Andakílshrepps um að hreppurinn leggi fram húsnæðið fyrir starfsemina, en eins og kunnugt er hefur hreppurinn nú verið sameinaður nágrennasveitarfélögum. Hjónin og sálfræðingarnir Inga Stefánsdóttir og Sigurður Ragnarsson munu sjá um rekstur heimilisins. Fyrirhugað er að starfsemin hefjist 1. október nk. Áform eru um að á Hvítárbakka geti orðið meiri uppbygging á þjónustu á sviði meðferðar í framtíðinni.

Á Bakkaflöt í Skagafirði hefur verið rekið meðferðarheimili fyrir ungmenni. Nú hefur verið ákveðið að heimilið flytji

að Háholti sem einnig er í Skagafirði. Samningur hefur verið gerður við héraðsnefnd Skagafirðinga um byggingu sérhannaðs húsnæðis fyrir starfsemina. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem byggt er sérhannað húsnæði fyrir langtímameðferð þar sem þarfir unglínga í mótþróa eru hafðar sérstaklega í huga. Fyrirhugað er að á heimilinu geti ungir afbrotamenn, sem hlotið hafa dóm, afplánað refsivist í samvinnu við Fangelsismálastofnun. Starfsemin mun hefjast 1. janúar 1999. Á hvoru heimilinu um sig verður rými fyrir sex börn.

Þá má geta þess að sérstakt meðferðarheimili fyrir unga vímuefnaneytendur var stofnað í Varpholti í Eyjafirði vorið 1997.

# Ný löggjöf á sviði sveitarstjórnarmála

Þann 5. nóvember 1997 skilaði nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, niðurstöðum sínum til félagsmálaráðherra.

Fengist hafði mikil reynsla af framkvæmd sveitarstjórnarlaga og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur. Sú reynsla var fyrst og fremst fengin frá sveitarfélögunum og félagsmálaráðuneytinu. Reynsla félagsmálaráðuneytisins byggðist fyrst og fremst á skriflegum og munnlegum erindum um túlkun á einstökum ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Nefndin skoðaði sérstaklega sveitarstjórnarlöggjöf Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og unnin var skýrsla þar sem borin er saman löggjöf þessara landa og sveitarstjórnarlögin.

Nefndin ákvað að leggja til að sett yrðu sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Er þar meðal annars fylgt fordæmi annarra Norðurlanda. Það sem helst þykir mæla með slíku fyrirkomulagi er að þá eru öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar á einum stað en ekki að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta til í lögum um kosningar til Alþingis eins og áður var. Þykir þetta nýja fyrirkomulag vera til þess fallið að auðvelda hinum almenna borgara, sem valinn er í kjörstjórn, starf sitt.

Á Alþingi voru því á síðastliðnum vetri til umfjöllunar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna og frumvarp til sveitarstjórnarlaga og voru þau bæði samþykkt.


## Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998

Hin nýju lög um kosningar til sveitarstjórna tóku gildi í febrúar og voru þau fyrst notuð við framkvæmd almennra sveitarstjórnarkosninga þann 23. maí sl. Reynslan af þessum nýju lögum er nokkuð góð og er ljóst að þetta fyrirkomulag er mun þægilegra fyrir kjörstjórnir í sveitarfélögunum.

Helstu efnislegu breytingarnar sem gerðar voru eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið auglýsi formlega að almennar sveitarstjórnarkosningar skuli fara fram.
- Viðmiðunardagur kjörskrár var færður úr fimm vikum í þrjár vikur.
- Sérstaklega er tekið fram að kjörskrá sé staðfest af sveitarstjórn, þ.e. nauðsynlegt formskilyrði er að sveitarstjórn taki kjörskrá til umfjöllunar á fundi.
- Félagsmálaráðuneytið skal birta almenna auglýsingu um að kjörskrár skuli lagðar fram og um frest til að gera athugasemdir.

- Sveitarstjórn skal nú ætíð auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi.
- Einfaldari og skýrari ákvæði eru nú um hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir. Auk þess er kveðið á um að kjörstjórnarmenn skuli hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu.



- Sá sem sæti á í kjörstjórn skal nú ætíð víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar í bundnum hlutfallskosningum.

- Almenna reglan er sú að í sveitarfélögum eru bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar.
- Framboðsfrestur er þrjár vikur í stað fjögurra.
- Breytt var ákvæðum um fjölda meðmælenda eftir stærð sveitarfélaga.
- Kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags.
- Skilyrðislaus skylda er nú að auglýsa kjörstað almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.
- Einfölduð voru ákvæði um óleyfilegan kosningaáróður.

## Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998

Hin nýju sveitarstjórnarlög eru nr. 45/1998. Miðað við eldri sveitarstjórnarlög var breytt nokkuð skipulagi og uppröðun einstakra ákvæða svo auðveldara verði að vinna með þau. Einnig er um



efnislegar breytingar að ræða og eru þær þessar helstar í stuttu máli:

- Felldur var brott allur greinarmunur sem gerður var á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa. Þannig hafa öll sveitarfélög sömu stjórnýslulegu stöðuna burtséð frá íbúafjölda.
- Allt landið skiptist nú í sveitarfélög, en samkvæmt ákvæðum eldri laga var það einungis byggðin í landinu sem skiptist í sveitarfélög ásamt afréttum. Önnur landsvæði, svo sem jöklar, voru því utan stjórnýslumarka sveitarfélaga og olli það ýmsum vandkvæðum, meðal annars varðandi mengunarvarnir og byggingarleyfi.
- Rýmkuð voru ákvæði laganna um nafngiftir sveitarfélaga, en eldri lög kváðu á um að öll nöfn sveitarfélaga skyldu hafa nánar tilgreindar endingar. Þó er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti ekki ákveðið nafn sveitarfélags nema að fenginni umsögn örnefnanefndar, sbr. lög um bæjanöfn, nr. 35/1953. Í tengslum við þetta er nú einnig gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði heiti sveitarstjórna, byggðarráða og framkvæmdastjóra í samþykktum sínum um stjórn og fundarsköp.
- Breytt var ákvæðum um byggðarmerki. Nú fer skráning byggðarmerkja fram hjá Einkaleyfastofunni og er slík skráning forsenda fyrir því að sveitarfélag hafi einkarétt á notkun byggðarmerkis.
- Bætt var í lögin ákvæði um að sveitarfélög setji sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.
- Nú er það í verkahring þess sveitarstjórnarmanns sem lengsta starfsreynslu hefur í sveitarstjórn að boða fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar, en áður var þetta verkefni aldursforseta.
- Skýrari ákvæði eru um auglýsingu sveitarstjórnarfunda.
- Ítarlegri ákvæði er nú að finna um hæfi sveitarstjórnarmanna til að taka

þátt í afgreiðslu einstakra mála.

- Sett voru inn í lögin ákvæði um tölvuskráningu fundargerða.
- Breytt var ákvæðum um hvernig varamenn taka sæti í sveitarstjórnnum. Nú skulu þeir almennt taka sæti í þeirri röð sem þeir hafa verið kjörnir.
- Breytt var nokkuð kaflanum um fjármál sveitarfélaga í því skyni að samræma betur fjárhagslegt uppgjör sveitarfélaga, skýra nánar hlutverk endurskoðanda og skoðunarmanna og setja fram úrræði svo unnt sé að bregðast fyrir við alvarlegum



fjárhagsvanda sveitarfélags ef sveitarstjórnin hefur ekki um það frumkvæði.

- Skýrt er nú kveðið á um flokkun í reikningsskilum sveitarfélaga.
- Kveðið er á um að hyggist sveitarstjórn ráðast í eða taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærrí fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhags-afkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verk tíma og áætlun

um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, ef um hann er að ræða.

- Skylt er að senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun strax að lokinni afgreiðslu þeirra.
- Öllum sveitarfélögum er nú gert skylt að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar fyrirtæki til að vinna endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
- Kjósa skal skoðunarmenn ársreikninga strax í upphafi kjörtímabils nýrrar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnarinnar, þ.e. fjögur ár í stað eins árs.
- Senda skal félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands ársreikninga sveitarfélagsins fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.
- Felld var brott heimild til að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar.
- Sett verður á fót þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga, en þær viðmiðanir setur félagsmálaráðuneytið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni er jafnframt falið tiltekið vald til að vara sveitarstjórn við yfirvofandi eða yfirstandandi fjárhagsvanda og leita eftir aðgerðum sveitarstjórnarinnar til úrbóta. Leiði aðgerðir eftirlitsnefndarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar ekki til árangurs getur félagsmálaráðuneytið svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum.
- Felld var brott ákvæði um að sveitarfélögum gæti í einhverjum tilvikum verið skylt að hafa með sér samvinnu. Öll samvinna fer því fram á frjálsum grundvelli.

# FÍKNIEFNAVARNIR

## Framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytis í fíkniefnavörnum.

Félagsmálaráðuneytið hefur sett sér framkvæmdaáætlun í fíkniefnavörnum í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Í þessu samhengi er rétt að rekja fyrst áhersluatriði ríkisstjórnarinnar, en þau eru: Að efla forvarnir, einkum þær sem beinast að einstaklingum sem eru í áhættuhópum, að hefta aðgengi barna að fíkniefnum, að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota, að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna á fíkniefnum og að efla meðferðarúrræði fyrir

ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.

Félagsmálaráðuneytið leggur áherslu á það í framkvæmdaáætlun sinni í fíkniefnavörnum að neysla fíkniefna, ekki síst misnotkun áfengis, sé fjölskylduvandi og stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, beri að aðstoða fjölskyldur sem eiga í slíkum vanda. Meðal þess sem er að finna í framkvæmdaáætluninni er að gerð verði sérstök úttekt á hvort meðferðarúrræði henti konum jafnt sem körlum og hefur Skrifstofu jafnréttismála verið falið þetta verkefni.

En vitað er að konur jafnt sem karlar ánetjast fíkniefnum en meðferðarstofnanirnar hafa til skamms tíma verið meira sóttar af körlum. Annað rannsóknarverkefni er að kanna meðferðarúrræði fyrir ungmenni vegna fíkniefnaneyslu hér á landi. Hefur Barnaverndarstofu verið falið að gera úttektina, sem tekur m.a. til dvalarlengdar og brottfalls úr meðferð, endurinnlagna og árangurs af meðferð.

## Ísland án eiturylfja 2002

Félagsmálaráðuneytið tekur þátt í þessari áætlun sem er á vegum ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefni áætlunarinnar eru fjölþætt og viðamikil en þau helstu eru: Að virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn fíkniefnum, forvarnir og fræðsla, þátttaka frjálsra félagasamtaka, samstarf

við foreldrasamtök, ungt fólk í áhættu, samstarfshópar á landsvísu og í sveitarfélögum gegn eiturylfjum og toll- og löggæslumál. Félagsmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á að fá sveitarfélögin til þátttöku í þessu verkefni. Nánari upplýsingar um áætlunina fást í síma 563-2238 og á netfangi [www.islandaneiturylfja.is](http://www.islandaneiturylfja.is).

## FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐIN VIÐ BARÓNSTÍG

Félagsmálaráðuneytið tekur þátt í rekstri Fjölskyldumiðstöðvarinnar sem er starfrækt á vegum ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar Rauða kross Íslands. Megináherslan er lögð á að aðstoða börn í fíkniefnavanda. Miðstöðin býður upp á ráðgjöf og meðferð síðdegis og á kvöldin. Starfið er tvíþætt: Fyrir börn og unglinga annars vegar og foreldra og forráðamenn hins vegar. Barna- og unglingastarfið fer fram í hópum en foreldrastarfið í formi viðtala og hópstarfs. Séríkkenni miðstöðvarinnar er að þar starfa sérfræðingar frá ýmsum stofnunum sem sérhæfa sig á sviði meðferðar fyrir börn, en þeir koma frá Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans, Stuðlum, Teigi og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Sími Fjölskyldumiðstöðvarinnar er 511-1599.

## Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

9. árg. 1. tbl. ágúst 1998

Ábyrgðarmaður: Húnbogi Þorsteinsson

Ritstjóri: Áslaug Friðriksdóttir

Prentun: Prenttækni

Útg. félagsmálaráðuneytið,

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,

101 Reykjavík

Netfang: [aslaug.fridriksdottir@fel.stjr.is](mailto:aslaug.fridriksdottir@fel.stjr.is)